Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg
Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins

# HJÚKRUNARHEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

## FRAMVINDUSKÝRSLA JÚLÍ 2020



## 1. Yfirlit yfir verkið

Hjúkrunarheimilið mun innihalda 60 hjúkrunarrými á tveimur hæðum, auk sameiginlegra rýma og stoðrýma. Heildarflötur byggingarinnar verður rúmir 4000 fermetrar.

## 2. Framkvæmdir

Um vinnu í júlí er nokkurn veginn sömu sögu að segja og í júní, það er að segja hún gekk sem slík nokkuð áfallalaust fyrir sig en þó að mati FSR hægar en æskilegt væri. Vinnan fólst fyrst og fremst í uppsteypu veggja og súlna fyrstu hæðar, auk þess sem haldið var áfram með uppsteypu sökkla, vinnu við grunnlagnir, einangrun sökkla og fyllingar að og inn í grunn. Annar hluti botnplötu var einnig steyptur í júlí. Undir lok mánaðar var byrjað að huga að undirslætti undir plötu annarar hæðar.





*Efri myndin hér að ofan var tekin þriðjudaginn 30. júní en sú neðri miðvikudaginn 29. júlí*

## 3. Staða verks miðað við áætlanir

Þann 31. júlí barst verkefnastjóra FSR tölvupóstur frá fulltrúum verktaka, þar sem þeir lögðu til að samþykkt yrði 10 vikna framlenging á verktíma, auk þess sem síðar yrði lagt mat á áhrif Covid-19 heimsfaraldurs á verkframkvæmdina, sem verktaki vill meina að hafi verið þó nokkur. Var þetta að sögn fulltrúa verktaka þeirra tilraun til að „loka“ umræðu sem hófst með orðsendingu verktaka nr. 006 dags. 28. apríl, um tafir og framlengingu verktíma, þar sem verktaki fór fram á 14 vikna framlengingu verktíma vegna tafa á jarðvinnuhluta framkvæmdarinnar. Póstinum verður svarað af FSR, í formi formlegrar orðsendingar.

Að mati FSR og Mannvits ganga framkvæmdir enn of hægt. Mánaðarlegt virði framleiðslu á verkstað virðist enn eingöngu ná að meðaltali um þriðjungi þess sem verktaki áætlaði sjálfur og lagði fram í greiðsluáætlun sinni. FSR og Mannvit hafa bókað áhyggjur sínar og athugasemdir á verkfundum en á síðasta verkfundi júlímánaðar upplýsti verktaki um að um miðjan ágúst stæði til að auka verulega við mannskap á svæðinu og þá jafnvel tvöfalda fjölda manna í uppslætti, járnbendingu og steypu. FSR hafði ætlað sér að senda verktaka orðsendingu um málið í byrjun ágúst, líkt og fram kom í framvinduskýrslu júnímánaðar, en í ljósi loforða verktaka um aukinn mannskap í ágúst, var ákveðið að bíða með orðsendinguna til septembermánaðar. Í raun er staðan að verða nokkuð alvarleg hvað tímalínu verksins varðar og ýmislegt sem bendir til þess að verkinu seinki verulega ef verktaki bregst ekki við strax. Má segja að þetta sé mikil synd, því verkið gengur að öðru leyti vel, bara einfaldlega ekki nógu hratt. Verktaki hefur þó ekki farið fram á meiri framlengingu en áðurnefndar 10 vikur, utan þess sem hann vill þar að auki bíða með að leggja mat á heildaráhrif Covid-19 á framkvæmdina.

## 4. Aukaverk, viðbætur og breytingar

Heildargreiðslur fyrir aukaverk og magnbreytingar frá upphafi verks til og með júlí 2020 nema 91,3 milljónum króna. Gerir það um þriðjung af öllum greiðslum til verktaka og skýrist hátt hlutfall aukaverka og magnbreytinga einna helst af tvennu. Annars vegar verulegri aukningu á umfangi jarðvinnu í upphafi verks og hins vegar því sem áður hefur verið nefnt að hefðbundin framvinda á verkstað síðastliðna mánuði gengur einfaldlega hægar en áætlað var.

## 5. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verks

Fyrrnefndar tafir, sem og hægari og minni framleiðsla á verkstað en gert var ráð fyrir, hafa valdið því að greiðsluflæði í verkinu er með talsvert öðrum hætti en upphaflega var reiknað með.

Greiðsluáætlun verkkaupa hefur verið uppfærð miðað við uppfærða útkomuspá verksins, þar sem nú er áætlað að rúmlega 700 milljónir sem ráðgert var að kæmu til greiðslu 2020 færist þess í stað yfir á árið 2021.

Hér má sjá heildarkostnaðaryfirlit verksins, ásamt áætlaðri dreifingu milli ára og útkomuspá:

**HEILDARKOSTNAÐARYFIRLIT**

**Áætluð útkoma m.v. Fjárhagsyfirlit dags. 31.07.2020 / Hreinn Sigurðsson** — **Dags: 20.08.2020**

**Verknúmer: 608 7030 / Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg**

| | | Kostnaðaráætlun (SOF-samþykkt 27.06.2019) | Uppfærð kostnaðaráætlun eftir útboð (SOF upplýst 11.11.2019) | Bókfært frá fyrri árum | Bókfært á árinu (Fjárhagsyfirlit tekið út 31.07.2020) | Áætlun til loka árs 2020 | Áætluð útkoma 2020 | Áætlun 2021 | Samtals áætlaður heildar-kostnaður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | **Ráðgjöf** | **234.600.000** | **233.900.000** | **172.200.675** | **11.470.617** | **17.529.383** | **29.000.000** | **32.699.325** | **233.900.000** |
| 1.1. | Hönnun | 180.100.000 | 179.900.000 | 144.762.450 | 7.534.679 | 8.465.321 | 16.000.000 | 19.137.550 | 179.900.000 |
| 1.2. | Ráðgjöf önnur en hönnun | 32.500.000 | 33.000.000 | 12.483.605 | 3.895.641 | 6.104.359 | 10.000.000 | 10.516.395 | 33.000.000 |
| 1.3. | Kostnaður tengdur ráðgjöf | 22.000.000 | 21.000.000 | 14.954.620 | 40.297 | 2.959.703 | 3.000.000 | 3.045.380 | 21.000.000 |
| **2** | **Umsjón og eftirlit** | **136.500.000** | **150.600.000** | **41.842.919** | **26.191.781** | **21.808.219** | **48.000.000** | **60.757.081** | **150.600.000** |
| 2.1. | Umsjón | 75.900.000 | 85.300.000 | 41.107.609 | 9.104.597 | 8.895.403 | 18.000.000 | 26.192.391 | 85.300.000 |
| 2.2. | Eftirlit | 60.600.000 | 65.300.000 | 735.310 | 17.087.184 | 12.912.816 | 30.000.000 | 34.564.690 | 65.300.000 |
| **3** | **Verkframkvæmd** | **2.347.000.000** | **2.463.800.000** | **23.043** | **275.073.723** | **593.626.277** | **868.700.000** | **1.593.076.957** | **2.461.800.000** |
| 3.1. | Verksamningar | 2.100.000.000 | 2.223.100.000 | 23.043 | 180.946.565 | 569.053.435 | 750.000.000 | 1.473.076.957 | 2.223.100.000 |
| 3.2. | Magnbreytingar | 79.800.000 | 84.500.000 | 0 | 51.563.854 | 3.436.146 | 55.000.000 | 29.500.000 | 84.500.000 |
| 3.3. | Aukaverk | 84.000.000 | 84.500.000 | 0 | 39.719.347 | 10.280.653 | 50.000.000 | 32.500.000 | 82.500.000 |
| 3.4. | Verðbætur | 83.200.000 | 71.700.000 | 0 | 2.843.957 | 10.856.043 | 13.700.000 | 58.000.000 | 71.700.000 |
| **4** | **Gjöld og rekstur á framkv.tíma** | **23.200.000** | **20.200.000** | **2.380.367** | **355.068** | **5.210.427** | **5.565.495** | **12.254.138** | **20.200.000** |
| 4.1. | Gjöld og rekstur á framkv.tíma | 22.300.000 | 19.400.000 | 2.234.505 | | 4.765.495 | 4.765.495 | 12.000.000 | 19.000.000 |
| 4.2. | Rekstur á framkv.t. | 900.000 | 800.000 | 145.862 | 355.068 | 444.932 | 800.000 | 254.138 | 1.200.000 |
| **5** | **Búnaður og listskreytingar** | **28.700.000** | **29.500.000** | **0** | **51.150** | **2.448.850** | **2.500.000** | **27.000.000** | **29.500.000** |
| 5.1. | Búnaður | 0 | 0 | | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 5.2. | Listskreytingar | 28.700.000 | 29.500.000 | | 51.150 | 2.448.850 | 2.500.000 | 27.000.000 | 29.500.000 |
| **6** | **Viðbótarverk** | **0** | **0** | **0** | **0** | **2.000.000** | **2.000.000** | **0** | **2.000.000** |
| 6.1. | Viðbótarverk - Ráðgjöf | | | | | 0 | | | 0 |
| 6.3. | Viðbótarverk - Verkframkvæmd | | | | | 2.000.000 | 2.000.000 | | 2.000.000 |
| 6.5. | Viðbótarverk - Búnaður og listskr. | | | | | 0 | | | 0 |
| **Samtals** | | **2.770.000.000** | **2.898.000.000** | **216.447.004** | **313.142.339** | **642.623.156** | **955.765.495** | **1.725.787.501** | **2.898.000.000** |

Hér má sjá fjárhagsyfirlit sem sýnir stöðu kostnaðar við verkefnið síðastliðin mánaðamót:

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**Verklegar framkvæmdir**

**6087030 Hjúkrunarheimili Árborg**

**Fjárhagsyfirlit 31.07.2020**

| Innborganir frá verkkaupum | Greiðsluhlutdeild % Upph. | Núgild. | Kr. | Upphafleg áætlun um fjármögnun verksins | Innborgað frá fyrri árum | Innborgað á árinu | Áætlun um innb. Til loka verks | Samtals áætlaðar innborganir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðisráðuneytið | 0 | 84 | 0 | 0 | 0 | 495.000.000 | 1.939.320.000 | 2.434.320.000 |
| Velferðarráðuneyti | 84 | 0 | 0 | 2.434.320.000 | 194.786.993 | 0 | -194.786.993 | 0 |
| Sveitarfélagið Árborg | 16 | 16 | 0 | 463.680.000 | 37.268.951 | 95.000.000 | 331.411.049 | 463.680.000 |
| Samtals | 100 | 100 | 0 | 2.898.000.000 | 232.055.944 | 590.000.000 | 2.075.944.056 | 2.898.000.000 |

| Heildarkostnaður | | Upphafleg áætlun um heildarkostnað verksins | Bókfært frá fyrri árum | Bókfært á árinu | Áætlaðar eftirstöðvar | Samtals áætlaður heildarkostnaður (10.01.2020) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | **Ráðgjöf** | **233.900.000** | **172.200.675** | **11.470.617** | **50.228.708** | **233.900.000** |
| 1.1 | Hönnun | 179.900.000 | 144.762.450 | 7.534.679 | 27.602.871 | 179.900.000 |
| 1.2 | Ráðgjöf önnur en hönnun | 33.000.000 | 12.483.605 | 3.895.641 | 16.620.754 | 33.000.000 |
| 1.3 | Kostnaður tengdur ráðgjöf | 21.000.000 | 14.954.620 | 40.297 | 6.005.083 | 21.000.000 |
| **2** | **Umsjón og eftirlit** | **150.600.000** | **41.842.919** | **26.191.781** | **82.565.300** | **150.600.000** |
| 2.1 | Umsjón | 85.300.000 | 41.107.609 | 9.104.597 | 35.087.794 | 85.300.000 |
| 2.2 | Eftirlit | 65.300.000 | 735.310 | 17.087.184 | 47.477.506 | 65.300.000 |
| **3** | **Verkframkvæmd** | **2.463.800.000** | **23.043** | **275.073.723** | **2.188.703.234** | **2.463.800.000** |
| 3.1 | Verksamningar | 2.223.100.000 | 23.043 | 180.946.565 | 2.042.130.392 | 2.223.100.000 |
| 3.2 | Magnbreytingar | 84.500.000 | 0 | 51.563.854 | 32.936.146 | 84.500.000 |
| 3.3 | Aukaverk | 84.500.000 | 0 | 39.719.347 | 44.780.653 | 84.500.000 |
| 3.4 | Verðbætur | 71.700.000 | 0 | 2.843.957 | 68.856.043 | 71.700.000 |
| **4** | **Gjöld og rekstur á framkv.t** | **20.200.000** | **2.380.367** | **355.068** | **17.464.565** | **20.200.000** |
| 4.1 | Gjöld | 19.400.000 | 2.234.505 | 0 | 17.165.495 | 19.400.000 |
| 4.2 | Rekstur á framkv.t | 800.000 | 145.862 | 355.068 | 299.070 | 800.000 |
| **5** | **Búnaður og listskreytingar** | **29.500.000** | **0** | **51.150** | **29.448.850** | **29.500.000** |
| 5.2 | Listskreytingar | 29.500.000 | 0 | 51.150 | 29.448.850 | 29.500.000 |
| Samtals | | 2.898.000.000 | 216.447.004 | 313.142.339 | 2.368.410.657 | 2.898.000.000 |

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á abendingar@fsr.is.

*Reykjavík, 24. ágúst 2020*

*Hreinn Sigurðsson, verkefnisstjóri*